

Umsögn um þingmál nr. 13 flm. B.L.G, H.M, H.H.G. J.P.Ó, S.M.C og P.S.Æ.

1. Almennt: Mikil réttarbót fyrir kaupendur fasteigna.

- a. Tel ástæðulaust að undanskilja atvinnuhúsnæði. T.d. eru mörg hús þannig að íbúðir og atvinnustarfsemi eru í bland. Hjúpur hússins og þak er sameiginlegt öllum eigendum þess, sama hvaða starfsemi fer þar fram.
Sömu rök eiga oft við um kaup á avinnuhúsnæði og um íbúðarkaup þar sem allt er lagt undir samanber 2 málsg. greinargerðar.
- b. Engin athugasemd, góð tillaga.
- c. Sjálfsagt er að eigandi(ur) húsfélög og húsbýggendur skuli halda húsbók sem segir allt sem segja þarf um þau efni sem húsin eru byggð úr, frá hvaða framleiðendum, birgjum, úttektir opinberra aðila vegna nýbygginga, viðhaldssögu, hverjir voru verktakar, hvenær verkin voru unnin, jafnvel litanúmer málningar á húsinu og svo framvegis.
Eðlilegast er að fela Mannvirkjastofnun að útbúa staðlaða húsbók og gera tillögum um innihald hennar sem hægt væri að nálgast á vef þeirra með skyldu forráðamanna húseiganda og eða húsfélögum eftir atvikum að fyllt sé út og geymd þar, jafnt ný hús og eldri hús. Á ábyrgð hvers og eins eiganda verður það þó að vera að málinu sé framfylgt.
Vegna þessa tel ég brýna nauðsyn á að halda húsbók að lagaskyldu, a.m.k. fyrir allar byggingarleyfis skyldar framkvæmdir og eftir þær verði húsfélagi eða eiganda gert skylt að halda bókinni „lifandi“ .
Ef brauð er keypt er innhaldslýsing prentuð á umbúðir.
- d. Engin athugasemd, góð tillaga.

Virðingarfyllt

Örvar Ingólfsson s. 821 4620

skodun@skodunarstofan.is

Húsasmíðameistari.

Löggiltur aðili í gerð eignaskiptayfirlýsinga.

Matsfræðingur